



Hörgársveit

Fréttabréf

2. júlí 2014 5. árgangur 9. tölublað

Sumarlokun á skrifstofu

breyting á fyrri auglýsingu

Skrifstofa sveitarfélagsins verður lokuð vegna
sumarleyfa

í 28. viku ársins, þ.e. frá 6. til 12. júlí.

(ekki 13.-19., eins og áður hefur verið auglýst)

Göngur haustið 2014

Ákveðið hefur verið að 1. göngur í Hörgársveit haustið
2014 verði frá miðvikudeginum 10. september til
sunnudagsins 14. september.

Aðrar göngur verða viku síðar.

Um undanþágu frá gangnaskyldu

Undanþágur frá gangnaskyldu eru ekki veittar nema viðkomandi fjáreigandi hafi allt sitt fé í girðingum sumarlangt, enda séu þær sauðheldar að mati sveitarstjórnar.

Þeir sem telja sig falla undir þetta ákvæði að þessu sinni þurfa að sækja um undanþágu til fjallskilaneftarmanna eða á skrifstofu Hörgársveitar í síðasta lagi 1. ágúst 2014.

Hörgársveit

Sími: 460 1750

Netfang: horgarsveit@horgarsveit.is

Póstfang: Þelamerkurskóli, 601 Akureyri

Veffang: www.horgarsveit.is

Údráttur úr fundargerð sveitarstjórnar

Fundur nr. 48 29. júní 2014

Mætt voru: Axel Grettisson, Ásrún Árnadóttir, Jóhanna María Oddsdóttir, Jón Þór Benediktsson og María Albína Tryggvadóttir

1. Fundargerð heilbrigðisnefndar 10. júní 2014

Fundargerðin er í tólf liðum, auk afgreiðslu á tuttuguogfjórnum umsóknum um starfsleyfi. Einn þessara liða varða Hörgársveit með beinum hætti, þ.e. 7. liður umsókna um starfsleyfi, sem er um endurnýjun starfsleyfis fráveitu frá sláturhúsi B. Jensen hf.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

2. Fundargerð fræðslunefndar 25. júní 2014

Fundargerðin er í fimm liðum. Í henni er tillaga til sveitarstjórnar um að orðið verði við beiðni leikskólastjóra um tímabundna breytingu á stöðuhlutfalli. Aðrir liðir fundargerðarinnar eru um breytingu á stundatöflu þelamerkurskóla næsta skólaár, um breytingu á gjalddaga leikskólagjalda, um innheimtu gjalda fyrir fæði gesta í leikskóla, og um niðurstöðu foreldrakönnunar í leikskólanum.

Sveitarstjórn samþykkti tillögu fræðslunefndar um að veita leikskólastjóra launalaust leyfi að hluta frá 1. september til 1. desember 2014, þannig að um verði að ræða 50% starf á því tímabili í stað 75%. Að öðru leyti gefur fundargerðin ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

3. Aðalskipulag Hörgársveitar 2012-2024, auglýsing tillögu

Lagt fram bréf, dags. 18. júní 2014, frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, þar sem sveitarfélaginu er gefinn kostur á að afturkalla beiðni, dags. 20. janúar 2014, um samþykki ráðherra fyrir að frestað verði að fjalla um þá þætti sem varða Blöndulínu 3 í fyrirbyggjandi aðalskipulagstillögu. Í bréfinu er gefinn frestur til 4. júlí 2014 til að svara erindinu. Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til við sveitarstjórn að beiðnin verði afturkölluð og að fyrirbyggjandi tillaga að aðalskipulagi sveitarfélagsins verði auglýst.

Lögð fram til kynningar bréf, dags. 27. júní 2014, frá Þorsteini Rútssyni um málefni Blöndulínu 3 og tölvubréf, dags. 27. júní 2014, frá bæjarstjórn Fljótsdalshéraðs, um dreifikerfi raforku.

Sveitarstjórn samþykkti að óska eftir fresti til 1. september 2014 til að svara fyrirbyggjandi erindi umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um málefni Blöndulínu 3 og að fresta til næsta fundar að taka afstöðu til tillögu skipulags- og umhverfisnefndar um afgreiðslu á erindi ráðuneytisins og um að auglýsa fyrirbyggjandi tillögu að aðalskipulagi. Jafnframt samþykkti sveitarstjórnin að haldnar yrði upplýsingafundur um málefni Blöndulínu 3 um miðjan ágúst 2014.

4. Fundargerð skipulags- og umhverfisnefndar 25. júní 2014

Fundargerðin er í þremur liðum, einn þeirra var til afgreiðslu í 3. lið þessarar fundargerðar. Aðrir liðir eru um veitingu umhverfisverðlauna og um fundartíma nefndarinnar.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar að öðru leyti en því sem fram kemur í 3. lið þessarar fundargerðar.

5. Fundargerð fjallskilanefndar 26. júní 2014

Fundargerðin er í fimm liðum, þ.e. um tímasetningu gangna haustið 2014, um álagningu gangnadagsverka, um undanþágur frá fjallskilum, um fjallskilastjórn og um utansveitarfé.

Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktunar af hálfu sveitarstjórnarinnar.

6. Breyting á samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar, síðari umræða

Fyrri umræða um tillögu að breytingu á samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar fór fram á fundi sveitarstjórnar 18. júní 2014.

Sveitarstjórn samþykkti fyrirliggjandi tillögu að breytingu á gildandi samþykkt um stjórn Hörgársveitar og fundarsköp sveitarstjórnar.

Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. ágúst í þelamerkurskóla

Dagskrá hans mun birtast á www.horgarsveit.is 19. ágúst

Breyting á deiliskipulagi á Hjalteyri


Sveitarstjórn Hörgársveitar samþykkti 16. apríl 2014 breytingu á deiliskipulagi á Hjalteyri.

Um er að ræða breytingu á staðsetningu verbúðalóða og að íbúðabyggð við fyrirhugaða Bakkabraut er ekki á deiliskipulaginu. Byggingarreitir nýrra verbúða færast til vesturs frá sjávarhlið Búðagötu yfir götuna og verða í beinu framhaldi til suðurs af verbúðaröð vestan hennar, auk þess sem ein lóð kemur á milli tveggja núverandi verbúða.

Breytingin var auglýst í samræmi við 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 frá og með 7. maí til og með 18. júní 2014. Engar athugasemdir bárust.

Vakin er athygli á því að niðurstaða sveitarstjórnar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála skv. 4. gr. laga nr. 130/2011. Kærufrestur er einn mánuður frá birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda.

Sveitarstjórinn í Hörgársveit



Lausar verbúðalóðir á Hjalteyri

Auglýst er eftir umsóknum um lausar verbúðalóðir á Hjalteyri. Um er að ræða alls 9 lóðir í þremur húsum, sem hér segir:

- Búðagata 13a með hámarks byggingarmagn 18 m², með grunnflötinn 3x6m.
- Búðagata 21-27 (fjögur bil í sama húsi) með hámarks byggingarmagn hvers bils 28 m², eða alls 112 m² fyrir fullbyggt hús
- Búðagata 29-35 (fjögur bil í sama húsi) með hámarks byggingarmagn hvers bils 28 m², eða alls 112 m² fyrir fullbyggt hús.

Umsóknarfrestur er til 10. ágúst 2014. Eldri fyrirspurnir og umsóknir um lóðirnar þarf að endurnýja.

Nánari upplýsingar gefur sveitarstjóri eftir 20. júlí 2014.